

SKÝRINGAR:

Sjálfafgreiðslustöðin er með 2. dæluveitur sem er sameiginlegar fyrir fólksbíla og vörubíla. Á dæluveitu 1 er 1 dæla með afgreiðslu á báðum hliðum, 1 sjálfsali. Á dæluveitu 2 er 1 dæla með afgreiðslu á báðum hliðum, 1 sjálfsali, 1 rúðuvökvaðæla. Dæluveitur Dæluveitar teljast frá tæknirými og dælum er gefið nafn í samræmi við það: Dæluveita 1, Dæla 1-2, Tegundir: Bensín, Disel, Disel hrað, ADBLue. Dæluveita 2, Dæla 3-4. Tegundir: Bensín, Disel, Litað disel Dæluveita 2, Dæla 5, Tegund: Rúðuvökvi Geymar og geymahólf Geymir 1 kemur með innbyggðri tækjakistu. Á geymi 2 verða settir súmpar. Geymar eru niðurgrafnir undir afgreiðsludælum og í aksturslínu. Geymir 1 er með 3 hólf, geymir 2 er með 2 hólf. Geymir 1.1, 20m³ fyrir Disel, hólf 1. Geymir 1.2, 10m³ fyrir Litað Disel, hólf 2. Geymir 1.3, 30m³ fyrir Disel, hólf 3. Geymir 2.1, 20m³ fyrir Bensín B95, hólf 1. Geymir 2.2, 20m³ fyrir Bensín B95, hólf 2. Geymir 3, 3,5m³ fyrir Rúðuvökva Geymir 4, 3,5m³ fyrir ADBLue Á geymi 1 eru áfest lagnatæknirými (lagnakista) sem jafnframt er lekabitta. Frá lagnatæknirými er lögð lögn fyrir dren að skilju. Lagnatæknirými nær upp fyrir jörðu og afgreiðsludælur eru festar ofan á kassann. Í lagnatæknirými eru lagðar lagnir að og frá geymi ásamt lögnum í dælur. Allar lagnir í lagnatæknirými skulu vera galvaneseraðar/málaðar stál lagnir. Tengistykki eru fyrir lagnir úr/inní tæknirými og eru UPP/KPS eldsneytislagir tengdar við tengistykkin að innanverðum lagnakassa svo hægt sé að fylgjast með tengingu. Þannig fara UPP/KPS á milli geyma og annars búnaðar í stöðinni. Setja skal söðul fyrir gegnumtök í lagnatæknirými svo tryggja megi að jarðvegsvatn eða annar vökvi leki ekki inn í lagnakistu. Á bæði við um olíulagnir og rafmagnslagnir. Setja skal járnhlíf yfir plastlagnir í geymum. Á geymi 2 eru 2 mannop og ofan á þau koma súmpar. Einnig er tæknirými undir dælu (dummi) sem einnig er settur súmpur á. Súmpar ná upp fyrir jörðu. Á dæluveitu 2 er svo smíðaður dælurammi og í hann eru fetingar fyrir dælur og annan búnað sem fylgir dæluveitu 2. Áfyllikistu er komið fyrir á dæluveitu 2. Í ADBLue geymi er kaðæla fyrir ADBLue afgreiðsludælu. Frá öðrum geymum fyrir aðrar tegundir er lögn við geymi tengd án dælu þar sem afgreiðsludælur hafa hver sína sogdælu. Tengja skal útlöftunarlögn frá öllum geymahólfum að útlöftunarsúlu stöðvar sem er staðsett í eyju við spennahús stöðvar. Útlöftunarsúlan er 4m hæð frá jörðu. Gufusöfnunarlögn (vapor) áfyllikistu er tengd út í öndunarsúlu og tengist í efri hluta öndunarsúlu fyrir bensíngeymi. Þetta er gert svo öndunarrörið sé örugglega hærra en möguleg hæð olíubíls og hindrar að fljótandi bensín komist í gufusöfnunarlögn og að olíubíl ef geymahólf bensíns er yfirfyllt. Lagnir. Olíulagnir eru: 1. Áfyllilögn Ø110+Ø63, liggur frá áfyllikistu að geymahólfum og er notuð til að fylla geymahólf af eldsneyti. 2. 3. 4. 5. 6. 7. 8. 9. Söglögn Ø63 fyrir eldsneyti frá geymahólfum að afgreiðsludælum og er notuð til að fæða eldsneytisdælur frá geymahólfum. Vaporlögn Ø63 frá eldsneytisdælum að bensíngeymahólfi og tekur vapor frá bensíntanki bifreiða við áfyllingu þeirra. Öndunarlögn Ø63 og Ø32 frá geymahólfum að öndunarsúlu sem tæma eða fylla geymahólfin af lofti við áfyllingu geymahólfa frá olíubíl eða afgreiðslu úr geymum. ADBLue Ø32 söglögn bætiefni frá geymi að dæluveitu og er notuð til að fæða ADBLue dælur frá geymahólfi. Rúðuvökvalögn Ø32 frá geymi að dæluveitu 1 og 2 og er notuð til að fæða rúðuvökva sogdælu. Í þessum verkáfanga er þó bara sett upp rúðuvökvaðæla á dæluveitu 2 en við gerum ráð fyrir að hægt verði að setja rúðuvökvaðælu á dæluveitu 1 síðar. Lekavarnar lögn 12mm tengir við millihólf geymahólfa og eru til lekaskynjunar á geymi. Lekavarnarkerfi er sett í EX-proof tengikassa í töfluramma við enda á dæluveitu 1. Drenlögn Ø50 sem safnar saman vökva úr lekabittum og kemur því í olíuskilju stöðvarinnar. Sjá nánar á teikningu frá Verkhofi no 803. Hívert er á milli geymahólfa 1 og 3 í geymi 1 fyrir disel. Hívert er á milli geymahólfa 1 og 2 í geymi 2 fyrir bensín. Áríðandi er að tengingar á Hívert séu í lóð á milli geymahólfa því annars virkar það ekki. Lagnaefni Fyrir lagnir í jörðu t.d. áfyllilagnir, söglagnir og öndunarlagnir olíugeyma skal nota KPS lagnaefni sem er með tvöfalt birgði með innbyggðri static vörn. Millipilið er hægt að vakta. Allar samsetningar á efninu skulu

gerðar með viðeigandi samtengjum sem eru svo soðnar saman. Langir fyrir slífar (aukalagnir á milli geyma) eru lagðar með PE/PEH rörum. Lagnir innan tækjakistu á dælu 1 skulu lagðar úr galvaneseruðum stállögnum. Skilja Öndunarlögn frá skilju er lögð upp í öndunarsúlu. Nota skal PE/PEH rör í öndunarlögnina. Í skiljuna er settur olíunemi sem gefur viðvörðun í viðvörðun í viðvörðunarkerfi stöðvar ef olía er komin yfir vikmörk. Áfylling. Áfyllikista stövarinnar er komið fyrir á dælu 2. Frá kistunni liggja lagnir ofan í hvert hólfið geyma. Kistuna skal merkja vel svo ekki fari á milli mála fyrir hvaða hvaða stútur endar. Merkja skal geymanúmer, stærð geyma í m³ og þá tegund sem í geyminum er. Allar olíulagnir í jörðu skulu lagðar úr UPP/KPS plastlagnarefni. Lekavarnarkerfi er lagt úr koparpípum eða loftlagnaefni. Aukarör, slífar, eru lagðar á milli geyma og súmpa og með þeim er hægt að gera breytingar á eldsneytisuppröðun verði þörf á því. Nota skal PE/PEH rör. Ekki er talin þörf á að hita upp sérstaklega ADBLue lagnir enda verði það þá gert með því að leggja EX-hitapráð frá dælu niður að kafdælu. Afgreiðsludælur ADBLue eru með innbyggðum rafmagns hiturum og hitapráðum í barka dælunar. Olíulagnir skulu halla um 10‰ (promill) að geymum. Öndunarlagnir frá öndunarsúlu að geymum skulu hafa 10‰ (promill) halla geymum